

Atli Harðarson

Þjóðernisstefna

1. Uppruni og þróun

Ef vel tekst til er sérstakt þjóðerni vitnisburður um dug og hæfni þjóðarinnar til að leggja eitthvað af mörkum sjálfri sér og öðrum til nytsemdar. Þegar það verður henni hvatning til að gera enn betur, fer ekki hjá því, að þjóðernisvitundin verði aflgjafi andlegra og efnalegra framfara. Ef hins vegar þau viðhorf ráða að treysta sem mest á aðrar þjóðir, þiggja hvaðeina af þeim og lúta í sem flestu forsjá þeirra, hlýtur það að leiða til uppdráttarsýki og hnignunar. Hver einasta þjóð, sem hefur rífið sig upp úr volæði og kyrrstöðu, hefur fylgt þjóðernisstefnu og svo er enn t.d. um þær þjóðir þriðja heimsins, þar sem uppgangur er mestur. (Úr viðtali við Sigður Líndal frá 1973.¹)

Þjóðerniskennd og samstaða á grundvelli þjóðernis eiga sér langa sögu sem má a.m.k. rekja aftur til þess tíma þegar Forngríkkir áttu í stríði við Persa á 5. öld f. Kr. En þjóðernisstefna í nútímaskilningi varð til um svipað leyti og borgaralegir stjórnarhættir og markaðshagkerfi. Sumir telja að hún hafi mótast á Englandi þegar á sautjándu öld² en hún varð ekki meginafli í Evrópskum stjórnmálum fyrr en með Frönsku byltingunni undir lok átjándu aldar. Sú þjóðerniskennd sem þar mótaðist var nýlunda því hún var algerlega veraldleg og óháð trúarbrögðum, náði til verulegs hluta þjóðarinnar og hafði það markmið að þjóðin stjórnaði sér sjálf í eigin fullvalda þjóðríki.³ Þjóðernisstefnan mótaði svo evrópsk stjórnmál á níttjándu öld og á þeirri tuttugustu setti hún svip á stjórnmál í öllum heimsálfum.

Þjóðernisstefnu byltingarmanna í Frakklandi var stefnt gegn stjórnmálahugsun lénsveldisins sem gerði ráð fyrir að stéttaskipting og valdapíramíðar væru að mestu óháð skiptingu fólks í þjóðir. Á seinni hluta miðalda gerðu flestir evrópskir lærdómsmenn ráð fyrir því að andlegt vald meðal kristinna þjóða myndaði eitt stigveldi þar sem páfínn væri efstur og undir honum kardínalar og biskupar. Á svipaðan hátt var gert ráð fyrir að veraldlegt vald myndaði stigveldi sem næði yfir allan hinn kristna heim. Neðst var vinnulýður og kotungar, þá sjálfstæðir bændur og borgarar svo lágaðall, háaðall, kóngar og yfir þeim keisari Hins heilaga rómverska ríkis. Með siðaskiptum á sextándu öld viku hug-

¹ Sigurður Líndal, 1973, bls. 98.

² Greenfeld 2001, bls. 22-3.

³ Alter 1985, bls. 56.

myndir um alþjóðlegt kirkjuvald fyrir þeirri skoðun að einstakir þjóðhöfðingjar væru æðstu menn kirkjunnar í landi sínu. Með eflingu konungsvalds á sautjándu öld var hætt að líta á veraldlegt vald sem hluta af alþjóðlegu stigveldi og æ fleiri álitu að hvert ríki um sig skyldi mynda afmarkaða pólitíska heild þar sem konungur færi með æðsta vald og væri óháður útlendum valdhöfum.

Undirstöður þeirrar þjóðernisstefnu sem komst í tísku með frönsku byltingunni voru lagðar með siðaskiptum og eflingu konungsvalds í Frakklandi, á Norðurlöndum og víðar í Evrópu. Þegar átjándu öldin gekk í garð voru hugmyndir um sjálfstæði einstakra ríkja og fullveldi bæði yfir andlegum málefnum og veraldlegum orðnar næsta útbreiddar í Evrópu. Byltingarmenn átjándu aldar bættu því við að almenningi bæri hið æðsta vald í hverju ríki, að hver þjóð ætti að stjórna sér sjálf, og þar með voru komnar forsendur fyrir þjóðernisstefnu af því tagi sem einkennt hefur stjórnsmál nítjándu og tuttugustu aldar.

Um leið og menn tóku að gera ráð fyrir að almenningur í hverju ríki ætti að mynda fullvalda þjóð, þ.e. hóp sem fer með æðsta vald í málefnum eigin ríkis, hlutu menn að spyrja hvernig rétt sé að skipta mannkyninu í þjóðríki. Á nítjándu öld töldu allmargir norrænir menntamenn að réttast væri að Norðurlöndin yrðu eitt öflugt ríki. Aðrir, t.d. Jón Sigurðsson, lögðu áherslu á sérstöðu einstakra svæða innan Norðurlanda. Áttu Norðurlönd að mynda eitt ríki eða mörg? Áttu Bretlandseyjar að vera eitt þjóðríki eða áttu Skotar að mynda sérstakt ríki og Írar annað? Þjóðernisstefnan kveikti eldmód hjá evrópskum menntamönnum í kringum aldamótin 1800 m.a. vegna þess að þeim þótti miklu varða hvernig spurningum sem þessum yrði svarað.

Sá heimspekingur sem jafnan er talinn hafa verið fyrstur til að koma orðum að einhvers konar þjóðernisstefnu er Johann Gottfried von Herder (1744 - 1803). Hann ólst upp í Prússlandi og gekk í háskólann í Königsberg. Meðal kennara hans þar var Immanuel Kant (1724 - 1804). Líkt og Kant var Herder lýðveldissinni og aðhylltist hugsjónir upplýsingarinnar um almenna menntun, frelsi og jafnrétti allra manna. Hann lagði áherslu á mikilvægi tjáningarfrelsis og þess að háskólar væru alþjóðlegir og opnir fyrir hugmyndum úr öllum áttum.⁴ Hann var líka, eins og Kant, frábitinn hernaðarbrólti og þjóðrembu⁵ og mælti gegn landvinningum og heimsvaldastefnu Evrópuríkja.⁶ En þekktastur er Herder fyrir áherslu á mikilvægi þess að siðir og tunga hverrar þjóðar þróist í friði og menningarleg fjölbreytni fái þrífist á jörðinni.⁷ Undir áhrifum frá kenningum hans óx þeirri hugmynd fylgi á fyrri hluta nítjándu aldar að rétt sé að skipta fólki í fullvalda þjóðríki eftir tungumálum, siðum og menningarlegum sérkennum. Þessi hugmynd varð, eins og fleira úr hugsun Herders, hluti af heimspekikerfi Georgs Hegel (1770 - 1831) en fáir menn höfðu meiri áhrif á stjórnsmálhugsun nítjándu aldar. Hegel gerði ráð fyrir því, nánast eins og sjálfsögðum hlut, að mannkynið skiptist í þjóðir og tilgangur hverrar þjóðar væri að mynda eigið fullvalda ríki þótt „þjóðir geti lifað langa æfi áður en þær ná því markmiði að mynda ríki.“⁸

Þjóðernisstefna af því tagi sem menn lásu af ritum Herders og Hegels var frá upphafi nátengd frjálshyggju og hugsjónum í anda upplýsingarinnar. Fram eftir nítjándu öld var

⁴ Herder 2002, bls. 371-2.

⁵ S.r. bls. 377-9 og 405.

⁶ S.r. bls. 381.

⁷ Sjá t.d. s.r. bls. 393-7.

⁸ Hegel 1955, bls. 163.

orðið „frelsi“ (og samsvarandi orð í málum nágrannaþjóðanna) notað jöfnum höndum um einstaklingsfrelsi og þjóðfrelsi og gjarna gert ráð fyrir að allir frelsvinir væru samtaka og ættu sér eina hugsjón um frjálsa menn í frjálsu landi. Dæmi um slíkar frelsishugsjónir þar sem áherslan er í senn á einstaklingsfrelsi og þjóðfrelsi má t.d. finna hjá Jóni Sigurðssyni (1811 - 1879) hér á Íslandi og hjá Dönunum Orla Lehmann (1810 - 1870) og Ditlev Gothoard Monrad (1811 - 1887) sem jafnan eru taldir aðalhöfundar Júnístjórnarskrárinnar, en með henni var einveldi afnumið í Danmörku og stefnan tekin á lýðræðislega stjórnskipan.

Flestir helstu talsmenn frjálshyggju á nítjándu öld voru fremur hliðhollir þjóðernisstefnu. Frá þessu eru þó undantekningar, sú frægasta er líklega enski lávarðurinn John Acton (1832 - 1902) sem er þekktastur fyrir að hafa sagt að allt vald spilli mönnum og algert vald spilli þeim algerlega.

En þótt þjóðernisstefna hafi að mestu haldist í hendur við hugsjónir um frelsi, jafnrétti og bræðralag allra manna fram eftir nítjándu öld var hún líka bendluð við öndverðar skoðanir. Í riti sínu *Reden an die deutsche Nation*, sem úr kom árið 1808, hélt þýski heimspekingurinn Johann Gottlieb Fichte (1762-1814) fram annars konar þjóðernishyggju en landi hans Herder. Fichte áleit þýska menningu hafa yfirburði yfir menningu annarra þjóða, einkum að Þjóðverjar væru Frökkum fremri að andlegu atgervi vegna þess að þeir hefðu varðveitt upprunalegt tungumál germanskra þjóða. Hann taldi ennfremur að þjóðir hefðu einhvers konar sameiginlega sál, vilja eða vitund og að einstaklingar ættu að samsama sig þessari þjóðarsál og vera eitt með heildinni. Kenning hans er því andstæð einstaklingshyggju af því tagi sem Kant, Herder og frjálshyggjumenn nítjándu aldar mæltu fyrir. Hugmyndir úr smiðju Fichtes, sem stundum eru kenndar við þjóðrembu, hafa borist víða um heim og einnig hingað til lands þar sem þeim bregður fyrir í ritum Jóns Aðils.⁹

Í hugarheimi sumra er stutt frá kenningum um yfirburði eigin þjóðar í dýrkun á hernaði og draumum um glæsta sigra á vígvellinum. Á seinni hluta nítjándu aldar tengdist slík hernaðarhyggja stundum þeim misskilningi á þróunarkenningu Darwins að af henni mætti álykta að hörð barátta milli einstaklinga og hópa stuðlaði sjálfkrafa að framförum og þar með að stríð væri framfaraafl, því það gæfi æðri þjóðum kost á að ná forystu.

Frá því um 1870 og fram um miðja tuttugustu öld tóku evrópsk stjórnsmál á sig ýmsar harla öfgafullar myndir. Hugsjónir frjálshyggju- og upplýsingamanna áttu undir högg að sækja en fylgi fasista- og kommúnistaflokka fór vaxandi. Helsta samkenni þessara öfgaflokka er sú skoðun að stjórnsmál séu æðri en siðferði og skyldur manns við náungann eigi að víkja fyrir skyldum hans við þjóðríki, leiðtoga, flokk, stétt eða kynþátt. Eins og fleiri hugsjónir blandaðist þjóðernisstefna á ýmsan hátt saman við þessar og þvílíkar skoðanir. Í hugum margra tengdist hún í senn andstöðu við einstaklingshyggju, hernaðardýrkun, hugmyndum um yfirburði eigin þjóðar og kynþáttar og kenningum í þá veru að æðsta skylda hvers manns sé skylda hans við þjóð sína eða ríki.

Þegar þjóðremba, hernaðarhyggja, andúð á einstaklingshyggju, kynþáttafordómar, kenningar um að siðferði skuli víkja fyrir pólitík og aðrar ámóta öfgar og fírrur voru komnar í bland við þjóðernishyggjuna var næsta lítið eftir af upprunalegri hugsun Herd-

⁹ Samanburð á þjóðernishyggju Jóns Aðils og kenningum Fichtes má finna í grein eftir Sigríði Matthíasdóttur sem birtist í *Skírni* 1995. Það sem hér segir um heimspeki Fichtes er að mestu byggt á McClelland 1996, bls. 624-636 og Berlin 2002, bls. 50-73.

ers. Þessi hugmyndagratur á líka fátt sameiginlegt með frjálslyndri þjóðernisstefnu manna eins og Jóns Sigurðssonar, Orla Lehmann og D. G. Monrad.

Þótt þjóðernisstefna sé til í mörgum ólíkum myndum eru dómur fræðimanna um hana æði oft litaðir af álitum þeirra á öfgastefnum sem runnu saman við hana undir lok nítjándu aldar. Sem dæmi má taka E. J. Hobsbawm, en hann skilgreinir þjóðernisstefnu sem óskynsamlegar öfgar og segir hana fela í sér að skylda manns við þjóðríkið sé æðri öllum öðrum skyldum.¹⁰ Ennfremur fullyrðir hann að „enginn fræðimaður sem rannsakar sögu þjóðernis og þjóðernisstefnu geti sjálfur verið þjóðernissinni ... stefnan geri of miklar kröfur til að fylgismenn hennar trúu hinu og þessu sem er einfaldlega ósatt.“¹¹

Í nýlegu ritgerðasafni sem nefnist *Þjóðerni í þúsund ár?* fjalla 15 íslenskir fræðimenn um þjóðernisstefnu. Síst vil ég gera lítið úr þessari bók. Ritgerðirnar í henni fjalla um þjóðerni og þjóðernisstefnu frá býsna mörgum ólíkum hliðum og eru að minni hyggju með því besta sem skrifað hefur verið um efnið á íslensku. En þrátt fyrir fræðileg efnistöð blasir við að flestir höfundanna hneigjast fremur til að kasta rýrð á þjóðernisstefnu en að draga fram kosti þjóðræknis og samstöðu á grundvelli þjóðernis. Hér fara á eftir nokkur dæmi um þetta:

Í grein Sigríðar Matthíasdóttur „Þjóðerni og karlmennska á Íslandi við upphaf 20. aldar“ er lögð áhersla á að íslensk þjóðernisstefna hafi dregið taum karla á kostnað kvenna og dreifbýlis á kostnað þéttbýlis.

Unnur Karlsdóttir gerir grein fyrir tengslum íslenskrar þjóðernishyggju við kynþáttahyggju („rasisma“) í greininni „Maður íslenskur. Hugmyndir á fyrri hluta 20. aldar um samband íslensks þjóðernis og kynþáttar.“

Í grein sinni „Íslands hæstráðandi til sjós og lands. Embættismenn á 18. og 19. öld“ bendir Einar Hreinsson á að harðir dómur íslenskra þjóðernissinna um danska embættismenn séu illa grundaðir.

Gottskálf Þór Jenson bendir einnig á veitur í hefðbundnum málflutningi íslenskra þjóðernissinna. Í grein Gottskálks, sem hann nefnir „Söguleysa þjóðlegrar sagnfræði. Íslenskt þjóðerni og evrópsk latínúmenning“ eru færð rök gegn tilraunum manna á nítjándu og tuttugustu öld til sýna fram á að íslensk þjóðernisstefna standi á gömlum merg með því að túlka rit Arngríms læra svo að hann hafi verið einhvers konar þjóðernissinni.

Í greininni „Ísland í aðalhlutverki. Þjóðernisstefna Morgunblaðsins“ kemst Katrín Jakobsdóttir að þeirri niðurstöðu að á bak við þjóðernissinnaðan fréttáflutning Morgunblaðsins leynist m.a. boðskapur sem hún kallar „hægri göðsögnina“. Orðrétt segir hún um fréttáflutning blaðsins af ferð Davíðs Oddsonar til Slóveníu: „Hér býr hægri göðsögnin enn að baki. Við Íslendingar erum betri en fyrrverandi kommúnistaríki, þó að við stöndum neðar í þjóðastiganum en holdgerving hægri stefnunnar, Bandaríkin.“¹²

Ég ætla ekki að vefengja þessa ágætu fræðimenn. Vissulega hefur þjóðernisstefna blandast saman við hugmyndir sem eru rangar og heimskulegar og víst hafa þjóðernissinnar sagt og gert margt sem ekki til eftirbreytni og ekkert er athugavert við að fræðimenn varpi ljósi á það. En hefur þjóðernisstefna ekki líka góðar hliðar? Hefur hún ekki unnið gegn stéttaskiptingu, stuðlað að jafnrétti og ýtt undir vitund um að þjóð sé samfélag jafningja? Glæðir hún ekki vilja til samstöðu og samhjálp? Hvetur hún menn ekki til dáða og eflir viðleitni landsmanna til að vera ekki eftirbátar annarra þjóða? Fleiri fræði-

¹⁰ Hobsbawm 1990, bls. 9.

¹¹ S.r. bls. 12.

¹² *Þjóðerni í þúsund ár?*, 2003 bls. 178.

menn en Sigurður Líndal hafa haldið fram svipuðum skoðunum og hafðar eru eftir honum í upphafi þessa kafla. Lian Greenfeld hefur t.d. fjallað af miklum lærdómi um hagvöxt og hagþróun í Englandi, Frakklandi, Bandaríkjunum og Japan og komist að þeirri niðurstöðu¹³ að þjóðernishyggja og metnaður fyrir hönd þjóðanna hafi verið ein mikilvægasta driffjöður hagvaxtar og efnahagslegra framfara í þessum löndum.

Ef til vill eiga allar hugsjónir sér ranghverfu eða afbakaða mynd. Það væri t.d. afbökun á jafnaðarstefnunni ef fullfrískur maður heimtaði aukna samneyslu vegna þess að hann nennti ekki að vinna fyrir sér og vildi sjálfur lifa sem sníkjudýr á velferðarkerfinu. Á svipaðan hátt er það ranghverf frjálshyggja að krefjast þess að fá frið fyrir yfirvöldum til þess eins að geta misnotað sér veika stöðu annarra eða komast upp með það óáreittur að gera eitthvað illt og ósæmilegt. Kannski var sú þjóðernisstefna sem fasistar og þjóðernisjafnaðarmenn og aðrir öfgaflokkar á fyrri hluta tuttugustu aldar héldu fram líka ranghverfa eða afbökun á hugsjón sem hefur margt til síns ágætis.

Þjóðernisstefna getur blandast vondri pólitík og hún getur líka átt samleið með góðri pólitík. En er hún í sjálfri sér góð eða slæm?

¹³ Greenfeld 2001.

2. Tilraun til skilgreiningar

þjóð *-ar, -ir* KVK 1 stór hópur fólks sem á sér að jafnaði sameiginlegt tungumál og menningu, oft sameiginlega sögulega arfleifð og minningar, og býr oftast á samfelldu landsvæði við gagnkvæm innri tengsl

þjóðernis-stefna KVK fél/stjórn. • stjórnmalastefna sem leggur áherslu á sérkenni og sérstöðu þjóðar, vill varðveita þetta hvort tveggja og hamla gegn því sem erlent er

(Íslensk orðabók)

Í tilvitnuninni hér að ofan skilgreinir orðabókin *þjóð* með því að telja upp fimm einkenni.

1. Sameiginlegt tungumál.
2. Sameiginlega menningu.
3. Sögulega arfleifð og minningar.
4. Samfellt landsvæði.
5. Gagnkvæm innri tengsl.

Þessi upptalning orðabókarinnar er engan veginn tæmandi. Við hana má a.m.k. bæta:

6. Sameiginlegum hagsmunum.
7. Samkennd eða samstöðu.

Með samkennd eða samstöðu er hér átt við að stór hluti hópsins líti á sig sem eina þjóð eða sé reiðubúinn að taka á sig skyldur við aðra meðlimi hópsins umfram þær sem hver og einn hefur við alla menn.

Þessi upptalning dugar varla til að skilgreina hugtakið *þjóð* með nákvæmum hætti. Saman mynda þau ekki nægileg skilyrði þess að hópur sé ein þjóð því það má færa góð rök fyrir því að öll þessi skilyrði eigi við um enskumælandi íbúa Norður-Ameríku þótt þeir tilheyri tveim ólíkum þjóðum sem kenndar eru við Bandaríkin og Kanada. Sama má segja um þýskumælandi íbúa Mið-Evrópu þótt þeir tilheyri sumir þýskri þjóð, sumir svissneskri og aðrir austurrískri. Einnig má efast um að einstök þessara atriða séu nauðsynleg skilyrði þess að hópur teljist þjóð. Svisslendingar eru t.d. ein þjóð þótt þeir hafi ekki sameiginlegt tungumál. Sama má segja um Bandaríkjamenn sem sumir tala ensku og sumir spænsku.

Þótt ljóst sé að hugtakið *þjóð* tengist náíð þeim sjö atriðum sem hér voru talin held ég að þau ein og sér dugi ekki til að skilgreina það. Fræðimenn sem fjalla um þjóðerni og þjóðernisstefnu eru langt frá því að vera á einu máli um hvernig heppilegast sé að afmarka þjóðir. Að mínu viti kemst Paul Gilbert nálægt kjarna málsins þar sem hann segir að þjóð sé *hópur sem hefur að öðru jöfnu réttmætt tilkall til að mynda fullvalda ríki vegna þess hvers konar hópur hann er*.¹⁴ Þessi skilgreining Gilberts getur þó ekki verið öll sagan því í sumum tilvikum dugar að hópur eigi tilkall til víðtækrar sjálfstjórnar í eigin málum (t.d. innan sambandsríkis) vegna einkenna af því tagi sem hér voru talin upp undir liðum 1 til 7. Ef t.d. er fallist á að skynsamlegt sé Baskar myndi sjálfstjórnarhérað innan Spánar (eða Skotar innan Bretlands eða Samar innan Svíþjóðar) er viðurkennt að þeir séu sérstök þjóð þótt ekki séu forsendur fyrir að þeir myndi algerlega sjálfstætt ríki.

¹⁴ Gilbert 1998, bls. 19.

Til að gera þetta að almennilegri skilgreiningu þarf líka að bæta við ýmsum fyrirvörum eins og að aðild gangi að jafnaði í arf þannig að börn þeirra sem tilheyra þjóðinni verði að öllu jöfnu einnig meðlimir hennar.

Í því sem á eftir fer geri ég ráð fyrir að hugtakið *þjóð* eigi við um hóp fólks ef *hægt er að rökstyðja, með tilvísun til atriða af því tagi sem hér voru talin upp undir liðum 1 til 7, að skynsamlegt sé að þeir sem tilheyra hópnum og börn sem þeir eignast myndi pólitíska heild með sjálfstjórn í eigin málum*. Þessi drög að skilgreiningu koma heim við notkun hugtaksins í rökræðum um hvort t.d. Skotar eða Samar eða Baskar myndi sérstaka þjóð. Slíkar rökræður snúast ekki aðeins um hvort viðkomandi hópur hafi sameiginlegt tungumál, sameiginlega menningu, sameiginlega sögulega arfleifð o.s.frv. heldur einkum um hvort slík samkennd séu skynsamlegar forsendur fyrir því að hópurinn myndi pólitíska heild með fullveldi í eigin ríki eða sjálfstjórn í eigin málum innan stærra ríkis.

Í ljósi þessa ætti ef til vill að bæta áttunda atriðinu við listann hér að framan:

8. Önnur einkenni sem gefa tilefni til að hópurinn fari með sjálfstjórn í eigin málum.

Meðal þeirra einkenna sem til greina koma er að hópurinn myndi þegar þokkalega vel heppnað ríki. Að ríki sé til og þjóni hagsmunum þegna sinna er að öðru jöfnu rök fyrir að þeir myndi áfram sérstakt ríki.

Þeir sem aðhyllast þjóðernisstefnu leggja mikla áherslu á einkenni af því tagi sem hér hafa verið tíunduð sem mögulegar ástæður fyrir að hópur myndi pólitíska heild. Að jafnaði þykir þeim mikilvægt að varðveita þessi einkenni og yfirleitt líta þeir svo á að þjóðræknir og ættjarðarást séu mikilvægir mannkostir. Að öðru leyti eru stjórnmálaskoðanir þjóðernissinna æði sundurleitar, margvíslegar og misgáfulegar enda er þjóðernisstefnan ekki stjórnmálaskoðun til viðbótar við t.d. frjálshyggju og jafnaðarstefnu eða kommúnisma og fasisma. Þessar stefnur snúast einkum um hvernig ríki skuli stjórnað en þjóðernisstefnan fjallar um hvernig mannabyggðum skuli skipt upp í ríki og sjálfstjórnarsvæði. Kenningar um hvernig ríki skuli stjórnað, hvort þar skuli t.d. vera lýðræði eða einræði, eru af öðru tagi en kenningar um hvernig landamæri milli ríkja skuli dregin. Þjóðernisstefna getur tengst nánast hvaða stjórnmálaskoðun sem er. Í sjálfri sér á hún ekkert fremur samleið með fasisma og öðrum öfgastefnum en t.d. frjálshyggju eða jafnaðarstefnu. Undir lok nítjándu aldar og á fyrri hluta þeirrar tuttugustu lenti hún í slagtogi með vafasömum skoðunum af sauðahúsi þjóðrembu, kynþáttafordóma og hernaðarhyggju. En hún getur allt eins átt samleið með hugsjónum um frelsi, jafnrétti og bræðralag allra manna.

Þótt þjóðernisstefnan sé ekki fyrst og fremst stefna um hvernig ríki skuli stjórnað hefur hún vissulega áhrif á viðhorf manna til ýmissa mála, t.d. hvers konar menningarstarfsemi skuli styrkt af almannafé. Þjóðernissinnar eru að jafnaði öðrum fremur fylgjandi stjórnvaldsaðgerðum sem miða að varðveislu þjóðtungu og þjóðlegrar menningar.

Sameiginlegt inntak allrar þjóðernisstefnu er að það skipti máli hvernig landamæri eru dregin og fólki skipt í pólitískar einingar. En því fer fjarri að þjóðernissinnar séu allir sammála um hvernig þessi skipting skuli gerð. Sumir leggja áherslu á sameiginlegt tungumál aðrir á sameiginlega hagsmuni og enn aðrir á trúarbrögð og gildismat. Þjóðernisstefna er því ekki ein skoðun heldur margar sem eiga það sameiginlegt að fjalla um sama efni á svipuðum forsendum, nefnilega hvernig heiminum skuli skipt í sjálfstjórnarsvæði eða fullvalda ríki.

*

Í grein sem birtist í Skírni fyrir nokkrum árum og nefnist *Hvað gerir Íslendinga að þjóð?* segir Guðmundur Hálfðanarson sagnfræðingur:

Að öllu samanlögðu verður að viðurkennast að þótt hægt sé að fullyrða að þjóðerni sé mikilvægasta form pólitískrar samkenndar í heiminum á okkar dögum er tæpast hægt að finna nokkra eina haldbæra skýringu á því hvers vegna þjóðfélagsþópur tekur upp á því að líta á sig sem þjóð eða hvernig hann afmarkar sig frá öðrum þjóðum.¹⁵

Af framansögðu er nokkuð ljóst að skýringin á því að ekki er hægt að finna neina eina skýringu á hvers vegna hópar líta á sig sem þjóðir er sú að skynsamlegar ástæður til að krefjast sjálfstjórnar velta á margvíslegum og misjöfnum sögulegum og menningarlegum aðstæðum. En hvers vegna er þjóðerni mönnum svona mikilvægt? Hvers vegna er það, svo notað sé orðalag Guðmundar, mikilvægasta form pólitískrar samkenndar í heiminum á okkar dögum? Ég held að skýringin sé a.m.k. að hluta til sú að það veitir mönnum öryggiskennd að tilheyra hópi sem þeim finnst að standi saman og axli sameiginlega ábyrgð á velferð hvers og eins. Hafi menn ekki á tilfinningunni að þeir tilheyri einhverjum slíkum hópi þá finnst þeim eins og þeir séu einir í mannhafinu.

Fyrir á öldum höfðu trúarbrögðin að nokkru það hlutverk sem þjóðerni gegnir í hugarheimi nútímamanna. Á miðöldum tilheyrðu Evrópumenn kristinni kirkju og gátu í krafti þess vænst hjálpar og stuðnings hver hjá öðrum. Mér skilst að fyrir allstóran hluta múslíma gegni Íslam enn þessu hlutverki. Trúarhópar geta veitt mönnum svipaða öryggiskennd og sú tilfinning að þeir tilheyri þjóð. Ástæða þess að þjóðerni er mikilvægara fyrir flesta nútímamenn en sameinleg trúarbrögð eða lífsviðhorf er trúlega að þar sem menn búa við skoðanafrelsi og trúfrelsi er þjóðin sá hópur sem líklegast er að allir meðlimir sömu fjölskyldu tilheyri. Hafi allir sömu trú og öldungar ættarinnar þá getur hópurinn sem menn treysta á verið trúflokkur. En velji hver einstaklingur sér sjálfur trú og lífsskoðun en hvorki foreldra né frændur er þjóðerni heppilegri forsenda samkenndar en trúarbrögð.

Ég hef nú gert stuttlega grein fyrir því á hvaða forsendum mannkynið skiptist í þjóðir, hvers konar skoðun þjóðernisstefna er og hvers vegna þjóðerni er nútímamönnum svo mikilvægt sem raun ber vitni. Um inntak þjóðernisstefnu hef ég lítið sagt umfram það að fylgismenn hennar: Álíti miklu varða hvernig landamæri eru dregin og fólki skipt í pólitískar einingar; Leggi mikla áherslu á einkenni sem hægt er að tilgreina sem ástæður fyrir að hópur myndi pólitíska heild; Þyki að jafnaði mikilvægt að varðveita slík einkenni; Telji að þjóðrækni og ættjarðarást séu mikilvægir mannkostir, en hafi að öðru leyti ólíkar stjórnmalaskoðanir.

Þótt hæpið sé að alhæfa mikið um skoðanir þjóðernissinna held ég að hægt sé að lýsa inntaki dæmigerðrar þjóðernisstefnu ögn nánar en ég hef gert. Í alfræðibók um heimspeki segir að „þjóðernisstefna“ („nationalism“) geti merkt:¹⁶

1. Þá skoðun að mannkynið skiptist í þjóðir og vitund manna sé mótuð af þjóðlegum einkennum.
2. Hugmyndir um mikilvægi þjóðlegra sérkenna og þjóðlegrar menningar og að þau skuli varðveitt.

¹⁵ Guðmundur Hálfðanarson 1996, bls. 27.

¹⁶ *The Encyclopedia of Philosophy* 1967, 5. bindi bls. 442. Í bókinni eru þessi atriði talin í annarri röð og þeim skipað öðru vísi saman undir tölulíði en hér er gert.

3. Þjóðrækni og tryggð eða hollustu við þjóð („patriotisma“) og tilhneigingu til að láta pólitískar ákvarðanir taka tillit til hagsmuna eigin þjóðar.
4. Að hver þjóð eigi að vera fullvalda.

Þessar skoðanirnar eru allar til í öfgafullum og óskynsamlegum myndum á borð við þær sem tilgreindar eru hér undir tölulíðum 1ö til 4ö:

- 1ö) Mannkynið skiptist í þjóðir og sú skipting er einhvers konar náttúrufræðileg staðreynd (algerlega óháð fjálsu vali eða ákvörðunum manna) og hver maður tilheyrir þjóð sinni og getur ekki skipt um þjóðerni og hvergi verið fyllilega hann sjálfur nema í hópi með sinni eigin þjóð. (Þessu fylgja stundum hugmyndir í anda Fichtes um að vitund hvers manns sé með einhverjum hætti hluti af þjóðarsál.)
- 2ö) Vinna ber gegn hvers kyns erlendum menningaráhrifum.
- 3ö) Æðsta skylda hvers manns er við þjóðríki sitt og þjóðmenningu.
- 4ö) Hver þjóð á að mynda fullvalda ríki og ríkisvald þjóðríkis hefur algert og óskorað vald innan þess og ihlutun útlendinga í innanríkismál á aldrei rétt á sér.

Þegar fræðimenn eins og Hobsbawm skilgreina þjóðernisstefnu sem óskynsamlegar öfgar eiga þeir væntanlega við skoðanir í dúr við þær sem hér voru taldar. En það má efast um að þessar öfgar séu dæmigerðar fyrir þjóðernisstefnu nútímans. Ég held að miklu fleiri aðhyllist hófstílltar útgáfur á borð við þær sem hér verða taldar upp undir líðum 1h til 4h:

- 1h) Mannkynið skiptist í hópa eftir hagsmunum, búsetu, félagstengslum, tungumálum o.fl. og stundum eru gildar ástæður til að álíta að hópur sem á margt sameiginlegt skuli teljast sérstök þjóð og gera ráð fyrir að einkenni hans hafi áhrif á vitund og lífshætti einstaklinganna.
- 2h) Þjóðir eiga sér menningu, siði og sameiginleg gildi sem æskilegt er að leggja rækt við.
- 3h) Samkennd á grundvelli þjóðernis er æskileg.
- 4h) Æskilegt að þjóðir hafi víðtækan sjálfsákvörðunarrétt um eigin mál.

Andstæðingar þjóðernisstefnu leggja gjarna áherslu á tengsl hennar við þjóðrembu, kynþáttafordóma, kenningar um að siðferði víki fyrir pólitík, andúð á einstaklingshyggju og hernaðardýrkun og túlka hana sem öfgar af svipuðu tagi og 1ö til 4ö. En sú þjóðernisstefna sem er þess virði að rökræða í alvöru er miklu fremur í dúr við 1h til 4h.

Stefán Snævarr heimspekingur hefur gert greinarmun á gagnrýnni og ógagnrýnni þjóðernisstefnu. Um gagnrýna þjóðernisstefnu segir Stefán:

Fylgjendur hennar leggja áherslu á að þjóðernishyggja geti aldrei orðið altæk, t.d. hljóti réttur þjóða að jafnaði að víkja fyrir rétti einstaklings, þjóðréttindi að þoka fyrir mannréttindum. Þess utan er gagnrýnni þjóðernissinni gagnrýnni á þjóð sína og snuprar hana einatt fyrir þjóðrembu og þröngsýni. Fyrirmynd hans er spámann bibliunnar sem réðust af hörku á samlanda sína til að bæta þá, færa þá af villum síns vegar. Ættjarðarást hans er nánast ástarhatur, hann tautar í barm sér „sá er vinur er til vammis segir“ og tekur undir með afríska heimspekingnum Kwame Anthony Appiah: „But the patriot is surely also the first to suffer his or her country's shame ...“¹⁷

Þessi gagnrýna þjóðernisstefna getur vel átt samleið með viðhorfum af því tagi sem hér eru kölluð hófstíllt. Hún getur líka samrýmst alþjóðahyggju og áherslu á sammannleg

¹⁷ Stefán Snævarr 2003. Orðin sem höfð eru eftir Appiah þýða að vissulega muni þjóðhollir menn fyrstir til að blygðast sín ef þjóð þeirra verður sér til minnkunar.

gildi, eins og hún gerir raunar hjá Appiah. Grein hans sem Stefán vitnar til endar á þessa leið:

Við mennirnir lifum lífinu best á smærra sviði og þess vegna skulum við ekki aðeins veita ríkinu til varnar heldur einnig landinu, þorpinu, götunni, fyrirtækinu, iðn okkar, fagi og fjölskyldu. Stöndum vörð um þessi samfélög, þessa hringi um líf okkar sem eru minni en öll kringla heimsins sem mennirnir byggja, en marka þó hver um sig vettvang fyrir siðferðilega umhyggju. Sem alþjóðahyggjumenn eigum við að verja rétt annarra til að lifa í lýðræðisríkjum þar sem þeir eiga þess ríkulegan kost að mynda tengsl við aðra menn bæði innan lands og utan og geta lifað lífinu sem þjóðhollir borgarar. Og sem alþjóðahyggjumenn getum við einnig krafist þessa réttar okkur sjálfum til handa.¹⁸

Ég hef nú reynt að lýsa þjóðernisstefnu sem er þess virði að vera tekin alverlega. Lýsingin er í fjórum liðum sem eru merktir 1h til 4h. Ein möguleg leið til að meta hvort þjóðernisstefna er skynsamleg eða óskynsamleg, góð eða slæm, er að skoða þessi fjögur atriði hvert fyrir sig. Ég ætla að gefa mér að augljóslega sé fótur fyrir þeirri skoðun sem lýst er í 1h og fjölyrði ekki frekar um það. Í næstu þrem köflum ætla ég að velta fyrir mér 2h, 3h og 4h.

¹⁸ Appiah 1996, bls. 29. (It is because humans live best on a smaller scale that we should defend not just the state, but the country, the town, the street, the business, the craft, the profession, and the family, as communities, as circles among the many circles that are narrower than the human horizon, that are appropriate spheres of moral concern. We should, as cosmopolitans, defend the right of others to live in democratic states with rich possibilities of association within and across their borders, states of which they can be patriotic citizens. And, as cosmopolitans, we can claim that right for ourselves.)

3. Sameiginleg gildi og þjóðarstolt

... þjóðerni er gildur þáttur í sjálfumleika manna (flestra, en ekki allra vitanlega), ræður afar miklu um skilning þeirra á því hverjir þeir eru og hvaða skilnings og samúðar þeirra tilvistarvandi njóti í heiminum. (Úr grein í Skírni eftir Árna Bergmann.¹⁹)

Íslenskir þjóðernissinnar hafa löngum lagt áherslu á málvernd og hreintungustefnu. Hjá sumum öðrum þjóðum, t.d. Írum, hefur þjóðernisstefna blandast viðleitni til að halda í trúarlegar hefðir. Samstaða um varðveislu tungumáls, þjóðlegra hefða eða sameiginlegra gilda er eitt af helstu einkennum þjóðernisstefnu. Slíkri samstöðu fylgir stundum tilhneiging til að mismuna fólki og leggja áherslu á einsleitni hópsins. Hún getur því stangast á við einstaklingshyggju og orðið til þess að þeir sem vilja tileinka sér önnur gildi séu þvingaðir til að samlagast hópnum.

Áhersla á að hópur myndi ríki á grundvelli sameiginlegra trúarbragða getur gengið svo langt að trúfrelsi sé skert. Ríkisrekin málshreinsun og kröfur um að allir tjái sig á hreinni og tærri þjóðtungu getur unnið gegn því að fólk af ólíkum uppruna, innfæddir jafnt sem innflytjendur, lifi saman sem jafningjar. Samstaða um þjóðleg gildi og ræktarsemi við þjóðlegan menningararf stangast stundum á við virðingu fyrir einstaklingum og skyldu okkar til að sýna öllum mönnum sanngirni. En þótt áhersla á mikilvægi þjóðlegra sérkenna og þjóðlegrar menningar og viðleitni til að varðveita þau geti gegnið of langt er ekki þar með sagt að slíkar áherslur og slík viðleitni séu almennt og yfirleitt til illis. Það skiptir bæði máli hvers konar menningararfi er hampað og hvernig það er gert.

Menn geta verið stoltir af hefðum sem stuðla að umburðalyndi og friðsamlegri sambúð fólks með ólíkt gildismat og lífshætti. Ef við lítum svo á að einstaklingshyggja og virðing fyrir rétti einstaklingsins til að vera öðru vísi en meirihlutinn sé andstæð viðleitni til halda við samstöðu um einhver gildi, þá horfum fram hjá því að þessi sama einstaklingshyggja er hluti af menningu okkar. Ef við hætum að vera stolt af henni og hætum að hampa henni sem menningarlegri arfleifð er hætt við að hún eigi skammra lífdaga auðið. Vitund okkar um að skylt sé að sýna öllum mönnum virðingu og leyfa hverjum og einum að njóta sín sem einstaklingur er hluti af menningarheimi sem óvíst er að geti verið til án ræktarsemi við ýmsar hefðir (m.a. á sviði réttarfars, stjórn mála, bókmennta og trúarbragða) sem sumar eru alþjóðlegar og sumar þjóðlegar en flestar hvort tveggja í senn. Vera má að mögulegt sé að halda þessum hefðum lifandi án neinnar þjóðernisstefnu en í flestum nútímaríkjum eru þær samofnar þjóðernisvitund og óljóst hvort þær verða auðveldlega aðgreindar frá henni. Ég held að það sé því til marks um nokkra grunnfærni að hafna allri ræktarsemi við þjóðlega menningu á þeim forsendum að hún leiði til ofuráherslu á einsleitni hópsins og sé andstæð einstaklingshyggju. Í riti sínu um réttarheimspeki (*Grundlinien der Philosophie des Rechts*) sagði Hegel eitthvað á þá leið að styrkur nútímaríkja væri í því fölginn að þar sameinuðust menn um að virða sérstöðu hvers og eins.²⁰ Mér þykir trúlegt að nokkuð sé til í þessu hjá Hegel og einstaklingar sem skera sig

¹⁹ Árni Bergmann 1997, bls. 149.

²⁰ Hegel 1952, §260 bls. 338. (Eins og fleira í ritum Hegels eru ummæli hans um þetta efni nánast óþýðanleg en orðrétt stendur hjá honum: „Das Princip der modernen Staaten hat diese ungeheure Stärke und Tiefe, das Princip der Subjektivität sich zum selbstständigen Extreme der persönlichen Besonderheit

úr verði helst fórnarlömb ofsókna, eineltis og múgæsinga þar sem slíka samstöðu skortir og fólk lifir í einhvers konar menningarlegu tómarúmi.

Það skiptir ekki aðeins máli hvaða gildi og hvaða hefðir menn standa saman um að virða og varðveita, heldur einnig hvernig þetta er gert. Það er t.d. mikill munur á því hvort varðaveisla tungumáls fer fram með þeim hætti að þorri fjölmiðlafólks, lærdómsmanna og rithöfunda leggi metnað í að vanda mál sitt eða hvort áherslan er á að dæma þá sem tala öðru vísi og setja lög og reglur til að takmarka rétt þeirra sem ekki kunna þjóðtunguna. Það er líka mikill munur á því hvort almenningur hefur áhuga á menningararfi þjóðar sinnar og því hvort reynt er að troða einhverjum hluta hans í menn nauðuga viljuga t.d. með því að gera tiltekinn árangur á skólaprófum í bókmenntum að skilyrði þess að menn fái starfsréttindi í alls konar greinum sem koma skáldskap ekkert við.

Ég sé ekki ástæðu til að fetta fingur út í þjóðernissinna sem hampar menningarverðmætum, gildum og hefðum og hvetur aðra til að sýna þeim áhuga án þess að beita nokkurn mann nauðung eða ganga á rétt annarra til að lifa eigin lífi. Það er ekkert athugavert við að Íslendingar séu stoltir af bókmenntum sínum eða Ítalir af endurreisninni, Skotar af upplýsingunni, Þjóðverjar af tónlist og vísindum nítjándu aldar, Bandríkjamenn af djassi, góðum háskólum eða vísindaafrekum. Slíkt stolt á sinn þátt í að viðhalda fjölbreytilegu og þróttmiklu menningarlífi.

*

Í næstum tvær aldir hefur Íslensk þjóðernisstefna og þjóðarstolt einkum snúist um landið, tunguna, bókmenntaarfinn og hugmyndir um hetjuskap landsmanna á þjóðveldisöld. Það síðasttalda heyrir líklega sögunni til og svo virðist sem þjóðernisstefna nú á tímum tengist einkum vitund um gildi þjóðtungu og íslenskra bókmennta og ást manna á landinu, ekki hvað síst óbyggðum þess. Landið er gjarna persónugert, stundum sem kona (fjallkonan) stundum sem landslag með mannlega eiginleika eins og í *Íslandsminni* Jónasar Hallgrímssonar þar sem talað er um fold með blíðri brá.

Þið þekkið fold með blíðri brá
og bláum tindi fjalla,
og svanahljómi, silungsa
og sælu blómi valla,
og bröttum fossi, björtum sjá
og breiðum jökulskalla.
Drjúpi hana blessun drottins á
um daga heimsins alla.

Mörg skáld tuttugustu aldar slógu á sömu strengi. T.d. orti Jón Helgason um tungumál heiðanna og landsins titrandi hjarta í kvæði sínu *Við Tungná*.

Þar heyrði ég óspilltan hróðrarþátt
á heiðanna fornu tungu,
er straumurinn herti með sterkum róm
á stefjabálkunum þungu.
Og andvaka fann ég með ógn og dýrð
um öræfanóttina bjarta,
að loksins ég átti mér legurúm
við lands míns titrandi hjarta.

vollenden zu lassen, und zugleich es in die substantielle Einheit zurückzuführen und so in ihm selbst diese zu erhalten.“)

Þessi ást á landinu sjálfu, sem birtist í ljóðum fjölmargra skálda og einnig í því hvað mörgum verður illa við ef ásýnd óbyggðanna er breytt, t.d. með uppistöðulóni eða öðrum framkvæmdum, tekur stundum á sig broslegar og dálítið barnalegar myndir. En mér þykir þó trúlegt að hún stuðli að góðri umgengni við landið og ýti undir áhuga á náttúruvernd og hollri útivist. Þótt við trúum því ekki bókstaflega að landið hafi blíða brá eða titrandi hjarta skyldum við ekki útiloka að eitthvert vit sé í þessum myndhverfingum og tilfinningunum sem þeim tengjast.

Ég hygg að áhersla Íslendinga á málrækt og varðveislu tungumálsins sé, eins og ást þeirra á landi sínu, heldur til gagns þegar á allt er litið, þótt hún taki stundum á sig broslegar myndir hjá mönnum sem láta eins og skipti verulegu máli hvort sagt er „ég hlakka“ eða „mér hlakkar“ og þykir ófært að nota alþjóðlegt fagmál og taka sér heldur í munn tungubrjóta og óþjál nýyrði. Málvernd getur farið út í vitleysu eins og annað sem menn gera. Að jafnaði stuðlar hún þó að heiðarlegum samskiptum, skýrleika í hugsun og framsetningu auk þess sem vandað mál og góður stíll hefur gildi eins og allt sem fagurt er, hvort sem um er að ræða íslensku eða önnur tungumál.

Ræktarsemi hverrar þjóðar við mál sitt og menningu á sinn þátt í að viðhalda menningarlegri fjölbreytni á jörðinni. Margt bendir til að slík fjölbreytni stuðli að framförum í listum, vísindum og tækni því nýjar hugmyndir kvikna oft þar sem ólíkar hefðir koma saman. Við njótum ekki góðs af samspili ólíkra menningarheima nema til séu ólíkir menningarheimar.

Viðurkenning á gildi þess að þjóðir hafi mætur á eigin menningu þarf alls ekki að fela í sér einangrunarstefnu eða hugmyndir í þá veru að útiloka skuli erlend menningaráhrif og varðveita forna lífshætti óbreytta um aldur og æfi. Víst hafa sumir þjóðernissinnar beitt sér fyrir stöðnun og einangrun en ekkert er því til fyrirstöðu að þeir sem láta sér annt um þjóðlega menningu taki fagnandi á móti breyttum tímum og bjóði alls konar gesti velkomna eins og þeir sem kveða rímur í bland við rapp eða blása djass og blús saman við þjóðlög og ljóðasöng.

*

Þjóðernishyggja felur m.a. í sér samstöðu um þjóðlegan arf, eitthvað sem er eignað þjóðinni og menn eru stoltir af eða telja mikils virði. Það skiptir máli hvers konar arfleifð þetta er, hvort hún er umburðarlyndi og einstaklingshyggja, tign og fegurð fjallanna, bókmenntir og listir, vísindi og menntun eða sigrar á vígvelli, víkingaferðir, hervirki og vargagangur. Það skiptir líka máli hvernig sameiginlegum gildum er hampað, hvort það er gert af sjálfkvæmum áhuga og án þess að sýna þeim sem aðhyllast aðrar áherslur yfirgang og ójöfnuð.

Áhersla á ræktarsemi við þjóðlega menningu, siði og sameiginleg gildi getur leitt til ofríkis og ójafnaðar þar sem einstaklingar eru þvingaðir til að dansa eftir pípu meirihlutans. Af þessu skyldu menn þó ekki álykta að samstaða um þjóðleg gildi og hefðir sé almennt og yfirleitt slæm. Það er öðru nær.

4. Siðferðilegar skyldur og samkennd þjóðar

Í orði kveðnu mega Svíar helst ekki vera þjóðernissinnar, veifa fána, syngja ættjarðarlög og hrópa „áfram Svíþjóð“. En þjóðerniskenndin hefur læst að Svíum bakdyramegin í líki þjánalegar dýrkunar á sænska velferðarkerfinu og hjá vissum hópum í líki nasískra öfga. Kannski hefur „eðlileg“ þjóðernishyggja verið bæld svo hrikalega niður með sænskum að hún brjótist fram með offorsi sem kynþáttahatur og ný-nasismi.“ (Úr grein eftir Stefán Snævarr.²¹)

Af þessum orðum Stefáns Snævarr má ráða að hann telji þjóðerniskennd nánast óhjákvæmilega, a.m.k. í samfélagi eins og Svíar (og þá væntanlega líka aðrar Evrópuþjóðir) byggja. Hafi hann lög að mæla verður ekki hjá því komist að þjóðerniskennd hafi áhrif á hegðun fólks og hugsunarhátt. Greiðasta leiðin til að halda aftur af þjóðrembu og þjóðernisöfgum er þá e.t.v. að ýta undir „eðlilega“ (skynsamlega, gagnrýna og hófsama) þjóðernisstefnu.

Menn virðast hafa nokkuð sterka þörf fyrir að tilheyra hópi sem þeir geta treyst á að standi saman og verið stoltir af að tilheyra. Það má hugsa sér að menn skiptist í slíka hópa eftir öðru en þjóðerni, t.d. trúarbrögum eða lífsviðhorfum, stétt, fyrirtæki sem menn þjóna eða vinna hjá eða erfðafræðilegum skyldleika. En þótt hægt sé að hugsa sér pólitíska samkennd á öðrum forsendum eru þjóðir einu hóparnir sem menn geta skipað sér í, við þær aðstæður sem nú eru uppi, án þess að: Skiptingin kljúfi fjölskyldur í stórum stíl; Gert sé ráð fyrir að börn aðhyllist að jafnaði trú og skoðanir foreldra sinna; Nágrannar (sem í nútímasamfélagi eru ekkert endilega skyldir) tilheyri í mjög mörgum tilvikum ólíkum hópum. Líklega er því nokkuð til í þeirri skoðun Stefáns Snævarr að í nútímaríki sé samkennd á grundvelli þjóðernis nær óhjákvæmileg.

Ef þeir sem aðhyllast lýðræði, frelsi og einstaklingahyggju hafna þjóðernisstefnu algerlega þá er hætt við að hún verði einkaeign annarra. Getur hugsast að uppgangur kynþáttahyggju og öfgafullrar þjóðernisstefnu í Frakklandi, Austurríki og fleiri löndum sé að einhverju leyti afleiðing þess að bæði frjálslyndir borgaraflokkar og jafnaðarmannaflokkar hafa í of miklum mæli vísað allri þjóðernishyggju á bug? Við þessu hef ég ekki svar, en ég held að spurningin sé allrar athygli verð.

Samkennd á grundvelli þjóðernis er staðreynd. En er hún æskileg? Eiga menn að axla siðferðilegar skyldur við samlanda (eða samborgara) umfram skyldur sem þeir hafa við alla menn?

Heimspækileg siðfræði fjallar að mestu leyti um það siðferði sem gildir í samskiptum okkar við alla menn, skyldmenni jafnt sem vandalaus, samlanda jafnt sem útlendinga. Með nokkurri einföldun má segja að siðfræðikenningar af því tagi sem kenndar eru við Immanuel Kant og John Stuart Mill og fleiri frumkvöðla í siðfræði seinni alda séu tilraunir til að skilgreina lágmarkssiðferði, hvaða reglur og viðmið eigi alltaf að gilda í samskiptum allra manna. En flestar siðfræðikenningar gera ráð fyrir að það sé lofsvert og gott ef einstakir menn kjósa að sýna hjálpssemi, örlæti, dugnað og förnfýsi umfram það sem þeir eru beinlínis skyldugir til. Þjóðernishyggja sem elur á samkennd þeirra sem

²¹ Stefán Snævarr 2003.

tilheyra sömu þjóð getur, ef vel tekst til, aukið vilja manna til að gera meira en bara skyldu sína við samborgarana.

Ég held að flestir Íslendingar vildu hjálpa landa sínum ef þeir rækjust á hann þar sem hann hefur lent í slysi eða alvarlegum vandræðum á ferð í öðru landi. Færri legðu lykkju á leið sína fyrir mann af öðru þjóðerni. Svipað á við þegar hluti landsmanna verður fyrir áföllum eins og t.d. þegar eldgosið varð í Heimaey eða þegar snjóflóð hafa fallið á þorp og bæi. Flestir eru reiðubúnir að leggja töluvert meira á sig til að liðsinna samlöndum sínum heldur en öðru fólki sem lendir í viðlíka hremmingum.

Vera má að samkennd allra manna sé enn betri en samkennd á grundvelli þjóðernis. Í hinum besta heimi allra mögulegra heima eru e.t.v. allir menn sífellt reiðubúnir að bera hver annars byrðar og hlaupa til ef einhver er hjálparþurfi. En ef menn kasta allri þjóðerniskennd fyrir róða, til þess að skapa forsendur fyrir samkennd og bræðralagi alls mannkyns, er þá ekki hætt við að sá vilji til samhjálpar sem þegar er til meðal flestra þjóða minnki án þess að neitt komi í staðinn nema draumórar sem aldrei verða að veruleika? Betri er einn fugl í hendi en tveir í skógi.

5. Þjóðfrelsi og sjálfstjórn í eigin málum

Þar sem þjóðerniskennd er sterk þar er að öðru jöfnu rétt að þjóðin sé sameinuð í einu ríki og hafi eigin ríkisstjórn. Með þessu er raunar aðeins fullyrt að ákvarðanir um ríkisvald skuli teknar af þegnumum. [...] En þegar þjóð hefur öðlast þroska til frjálsmannlegra samfélagshátta koma ný rök til skjalanna sem skipta enn meira máli. Frjálsmannlegir samfélagshættir eru nánast ómögulegir í landi þar sem búa margar þjóðir. Þar sem ekki er nein samkennd og þar sem menn eru jafnvel ekki læsir og talandi á sömu tungu, þar getur ekki myndast almenningssátt af því tagi sem er nauðsynleg forsenda fulltrúalýðræðis. (Úr *Considerations on Representative Government* eftir John Stuart Mill.²²)

Lýðræðislegir stjórnarhættir þróuðust ekki fyrr en þjóðríki voru orðin til og alþjóðleg valdakerfi miðalda, sem skiptu mönnum í stéttir fremur en þjóðir, voru liðin undir lok. Lýðræði nútímans er nátengt þjóðerni og þjóðríkjum. Í tilvitnuninni hér að ofan nefnir John Stuart Mill eina mikilvægustu ástæðuna fyrir þessum tengslum lýðræðis og þjóðríkis. Til að lýðræði fái þrífist með góðu móti þurfa borgararnir að einhverju marki að taka þátt í og fylgjast með sömu umræðu áður en ákvarðanir eru teknar. Þetta krefst þess að þeir skilji sömu tungumál og eigi nógu margt sameiginlegt til að geta með þokkalega auðveldu móti rætt málin á svipuðum forsendum og gert sér, með hóflegri fyrirhöfn, grein fyrir hvað þeir eru sammála eða ósammála um.

Frá því Maastricht sáttmálinn gekk í gildi árið 1992 hefur Evrópusambandið þróast frá því að vera bandalag fullvalda ríkja í eitthvað sem er mitt á milli þess að vera ríkjabandalag og sambandsríki. Með hverjum nýjum sáttmála ná sameiginlegar ákvarðanir til fleiri mála, neitunarvaldi einstakra ríkja eru settar sífellt þrengri skorður og stjórnarmál í aðildarlöndunum renna saman á æ fleiri sviðum. Talsmenn Evrópusamruna orða þetta gjarna svo að samstarfið dýpki og þykir það harla gott. Efasemdammenn spyrja hins vegar hvort allar þessar sameiginlegu ákvarðanir, sem teknar eru á vettvangi Evrópusambandsins og aðildarríkin verða að beygja sig undir, séu lýðræðislegar, hvort almenningur eigi þess raunhæfan kost að hafa áhrif á þær.

Eftir því sem ég kemst næst viðurkenna jafnvel áköfustu talsmenn aukins samruna að erfiðlega gangi að gera stjórnsýslu Evrópusambandsins jafn lýðræðislega og stjórnarmál innan einstakra þjóðríkja. Fyrir þessu eru margar ástæður en ein þeirra er vafalítið að hópur sem talar meira en tug ólíkra tungumála og býr að ólíkum hefðum í löggjöf, dómsmálum og stjórnsýslu á erfitt með að stilla pólitískum úrlausnarefnum upp þannig að nógu margir skilji um hvað málin snúast. Í augum þorra fólks er stjórnsýsla Evrópusambandsins óskiljanleg.

²² Mill 1977, bls. 547. (Where the sentiment of nationality exists in any force, there is a *prima facie* case for uniting all the members of the nationality under the same government, and a government to themselves apart. This is merely saying that the question of government ought to be decided by the governed. [...] But, when a people are ripe for free institutions, there is a still more vital consideration. Free institutions are next to impossible in a country made up of different nationalities. Among a people without fellow-feeling, especially if they read and speak different languages, the united public opinion, necessary for the working of representative government, cannot exist.)

Ef til vill má skoða tilraunir sambandsinna til að efla einhvers konar Evrópuvitund, og gera íbúa álfunnar þannig að einni þjóð, sem viðleitni til að skapa forsendur fyrir lýðræðislegri stjórnsýslu í Evrópusambandinu. Þótt sumir þeirra hafni í orði kveðnu allri þjóðernishyggju reyna þeir samt að búa til einhvers konar samevrópskt þjóðerni.

Þjóðerni og þjóðernishyggja tengjast lýðræði á fleiri vegu en þann sem John Stuart Mill nefnir og hér hefur verið farið um nokkrum orðum. Lýðræði gerir þá kröfu til almennra borgara að þeir hugi að hagsmunum heildarinnar og verji atkvæði sínu í samræmi við það sem þeir telja að sé til góðs fyrir alla þjóðina. Ef vel á að vera þarf stór hluti kjósenda að láta sér annt um almannahag. Ég held að það sé að minnsta kosti álitamál hversu raunhæft er að gera ráð fyrir slíkum þegnskap nema þjóðerniskennnd af einhverju tagi eigi sér hljómgrunn meðal almennings.

Raunar dugar ekki að almennir borgarar í lýðræðisríki láti sér annt um þjóðarhag. Helst þurfa þeir líka að hafa lágmarksþekkingu á þeim hagsmunum sem tekist er á um í stjórnámálum. Hætt er við að sú þekking verði harla yfirborðskennd ef þjóðin er svo sundurleit að stór hluti hennar botni ekkert í vandamálum sem brenna á einstökum héruðum eða landshlutum. Þetta er líklega það sem Jón Sigurðsson hafði í huga þegar hann sagði í *Hugvekju til Íslendinga*:

Það mætti vera þegar fullsannað, að það er og verður ómögulegt að stjórna Íslandi frá Kaupmannahöfn, á sama hátt og hingaðtil, nema svo sé, að skjóta eigi loku fyrir alla framför landsins framur enn nú er.²³

Ég hef nú nefnt nokkrar ástæður til að álíta skynsamlegt að fólk skiptist í pólitískar heildir, sjálfstæð ríki eða sjálfstjórnarsvæði eftir þjóðerni. Víst orka þessar ástæður á ýmsan hátt tvímælis og víst er hæpið að alhæfa um hvernig rétt sér að skipta jörðinni í ríki, enda fullyrði ég ekkert annað eða meira en að í mörgum tilvikum sé æskilegt að þjóðir hafi víðtækan sjálfsákvörðunarrétt um eigin mál eða m.ö.o. að samkenni af því tagi sem tíund-uð voru í byrjun annars kafla gefi hópi oft skynsamlegt tilefni til að fara með sjálfstjórn eða mynda pólitíska heild.

Ég held að hægt sé að skipta þeim sem andmæla þessari niðurstöðu í tvo flokka, bjartsýnismenn og svartsýnismenn.²⁴ Bjartsýnismennirnir segja eitthvað á þá leið að ástæðulaust sé að landamæri ríkja falli saman við mörk þjóðernis eða menningarheima, því sé ríki réttlátt geti ólíkir menningarheimar lifað innan þess. Innan slíks ríkis geti alls konar samfélög lagt rækt við eigin menningararf án þess að hafa fullveldi eða pólitískt vald af neinu tagi. Það kann að vera nokkuð til í því, að sé ríki fullkomlega réttlátt, þá geti alls konar minnihlutahópar blómstrað innan þess. En dæmin um kúgun á þjóðarbrotum og skilningsleysi á hagsmunum minnihlutahópa eru of mörg til að við getum treyst því að neitt ríki sé til langframa svo algerlega réttlátt. Ég held að réttast sé því að svara bjartsýnismönnum með því að segja að jafnvel þótt þeir hafi lög að mæla sé skynsamlegt fyrir flestar þjóðir að halda í sjálfstæði sitt.

Svartsýnir efasemdamenn um ágæti þjóðríkja segja gjarna eitthvað á þá leið að menn sem þekkja ekki persónulega séu óhjákvæmilega í samkeppni þar sem hver hugsar um eigin hag og sinna nánustu. Það sé því blekking að halda að almennir borarar í lýðræðisríki láti skynsamlegar hugmyndir um almannahag móta afstöðu sína. Stjórnámál eigi því að snúast um að tryggja réttlátar leikreglur svo menn geti lifað saman í friði þrátt fyrir litla samkennd og takmarkaða umhyggju fyrir hagsmunum hver annars og slíkar leik-

²³ Jón Sigurðsson 1951, bls. 124.

²⁴ Hugmyndin að þessari skiptingu er sótt í Gilbert 1998, bls. 151.

reglur séu óháðar því hvort allir þegnar ríkisins tilheyra sömu þjóð eða ekki. Víst er sannleikskorn í þessu. Heil þjóð getur ekki verið eins og samhent fjölskylda. En þrátt fyrir alla sína eigingirni vilja menn stundum leggja nokkuð á sig í annarra þágu og taka þátt í stjórnámálum til þess að þjóna almannaheill. Ef þjóðríki og þjóðerniskennd efla slíkan vilja því skyldum við þá ekki telja það af hinu góða?

*

Í Skírnisgreininni sem vitnað var til í öðrum kafla segir Guðmundur Hálfðanarson:

Þjóðernisstefnan er [...] tvíeggjað sverð og þótt Íslendingar hafi ekki kynnst svörtustu hliðum hennar af eigin raun geta þeir ekki firrt sig ábyrgð af [svo] þeim voðaverkum sem framin eru í skjóli heilags þjóðarréttar, a.m.k. ekki meðan þeir telja sinn eigin rétt hafinn yfir gagnrýni eða efa. Hvernig geta Íslendingar t.d. hneykslast á bræðravígum á Balkanskaga eða Norður-Írlandi sem framin eru til verndar þjóðréttindum á meðan þeim sjálfum finnst landráð að gefa upp brot af sínum þjóðarrétti?²⁵

Þessi orð eru dæmigerð fyrir það álit sem þjóðernishyggja nýtur um þessar mundir. Hún þykir ekki fín. Þótt menn viðurkenni að hún hafi gegnt lykilhlutverki í þróun lýðræðis og jafnréttis og blásið mörgum kapp í kinn til góðra verka er sú skoðun næsta útbreidd að hún sé siðferðilega hæpin ef ekki óverjandi með öllu. Í þessari ritgerð hef ég reynt að sýna fram á að þjóðernishyggja sé of margvísleg og sundurleit til þess að hægt sé að fella neinn einn dóm yfir öllum fylgismönnum hennar. Það er álíka fjarstæðukennt að allir þjóðernissinnar beri ábyrgð bræðravígum á Balkanskaga eða Norður-Írlandi eins og að allir vinstrimenn séu samsekir um glæpaverk Stalíns eða allir kristnir menn beri sameiginlega ábyrgð á spænska rannsóknarréttinum.

Hófsöm og gagnrýnin þjóðernisstefna gegnir ýmsum gagnlegum hlutverkum í nútímaríki og þjóðernisvitund er of samslungin vilja manna til að varðveita menningarleg verðmæti, hjálpast að og taka þátt í lýðræðislegum stjórnámálum til að nokkurt vit sé að kasta henni algerlega fyrir róða.

²⁵ Guðmundur Hálfðanarson 1996, bls. 30.

Rit

- Alter, Peter. *Nationalism*. 1989. London: Edward Arnold.
- Appiah, K. A. 1996. „Cosmopolitan Patriots“ í Nussbaum 1996, bls. 21-29.
- Árni Bergmann. 1997. „Til hvers er þjóðernisumræðan?“ *Skírnir*, 171. ár, vor 1997, bls. 143-150. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Berlin, Isaiah. 2002. *Freedom and its Betrayal*. Princeton: Princeton University Press.
- The Encyclopedia of Philosophy*. 1967. Ritstjóri Paul Edwards. New York: Collier MacMillan Publishers.
- Gilbert, Paul. 1998. *The Philosophy of Nationalism*. 1988. Boulder, Colorado: Westview Press.
- Greenfeld, Lian. 2001. *The Spirit of Capitalism, Nationalism and Economic Growth*. Cambridge Massachusetts: Harvard University Press.
- Guðmundur Hálfðanarson. 1996. „Hvað gerir Íslendinga að þjóð.“ *Skírnir*, 170. ár, vor 1996, bls. 7-31. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Hegel, G. W. F. 1952. *Grundlinien der Philosophie des Rechts*. Stuttgart: Fr. Frommanns Verlag.
- Hegel, G. W. F. 1955. *Die Vernunft in der Geschichte*. Hamburg: Verlag von Felix Meiner.
- Herder, J. G. v. 2002. *Philosophical Writings*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Hobsbawm, Eric J. 1990. *Nations and Nationalism Since 1780*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Íslensk orðabók*. 2002. Ritstjóri Mörrður Árnason. Reykjavík: Edda.
- Jón Sigurðsson. 1951. *Hugvekja til Íslendinga - Úrval úr ritum og ræðum Jóns Sigurðssonar til loka þjóðfundar*. Reykjavík: Mál og menning.
- McClelland, J. C. 1996. *A History of Western Political Thought*. London: Routledge.
- Mill, J. S. 1977. *Essays on Politics and Society*. Toronto: University of Toronto Press.
- Nussbaum, M. C. 1996. *For Love of Country*. Boston: Beacon Press.
- Sigríður Matthíasdóttir. 1995. „Réttlætning þjóðernis - Samanburður á alþýðufyrirlestrum Jóns Aðils og hugmyndum Johanns Gottlieb Fichte.“ *Skírnir*, 169. ár, vor 1995, bls. 36-64. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Sigurður Líndal. 1973. „Er hinn þögli meirihluti á Íslandi mesta byltingaraflíð? Viðtal við Sigurð Líndal Prófessor.“ *Eimreiðin* 79. árg. bls. 94-111. Reykjavík.
- Stefán Snævarr. 2003. *Gagnrýni og þjóðerni - Til varnar þjóðernisstefnu*. Óbirt ritgerð.
- Þjóðerni í þúsund ár*. 2003. Ritstjórar: Jón Yngvi Jóhannsson, Kolbeinn Óttarsson Proppé og Sverrir Jakobsson. Reykjavík: Háskólaútgáfan.